

Minnisblað

Til: Jónas Þ. Birgissonar, bæjarfulltrúa og bæjarráðs
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari
Dags. 6. apríl 2018
Mnr. 2018040021



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað vegna fyrirspurnar Jónasar Þórs

Eftirfarandi fyrirspurn Jónasar Þórs Birgissonar, bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, barst 13. mars sl., en óskað var eftir svörum fyrir fund bæjarráðs 19. mars sl.:

1. Hverjar voru heildarskuldir samstæðu Ísafjarðarbæjar 31.12.2017
2. Hversu stór hluti þeirra er tilkominn vegna hækkunarinnar á lífeyrisskuldbindingum sem gerð var grein fyrir í lok ársins
3. Hvernig skiptast heildarskuldirnar í verðtryggð lán og óverðtryggð lán
4. Hverjar voru heildarskuldir samstæðu Ísafjarðarbæjar 31.12.2014
5. Hvernig skiptust þær í verðtryggð lán og óverðtryggð lán

Þar sem tölur vegna ársins 2017 lágu ekki fyrir fyrr en nú, vegna vinnu við ársreikning, var ekki hægt að svara fyrirspurninni fyrr en nú, þegar drög að ársreikningi Ísafjarðarbæjar liggja fyrir. Hér að neðan má finna svör Eddu Maríu Hagalín, fjármálastjóra, við fyrirspurninni:

1. Heildarskuldir samstæðu Ísafjarðarbæjar í árslok 2017 voru 6.558 milljónir króna, langtímalán voru í árslok 2017 4.370 milljónir króna.
2. Samkvæmt skýringu 22 í ársreikningnum voru 159,3 milljónir króna færðar á skammtímaskuldir vegna gjaldfærslna lífeyrisskuldbindinga sem tilheyra 2017.
3. Öll langtímalán Ísafjarðarbæjar í árslok 2017 voru verðtryggðar.
4. Hverjar voru heildarskuldir samstæðu Ísafjarðarbæjar 31.12.2014. Heildarskuldir samstæðu Ísafjarðarbæjar í árslok 2014 voru 5.829 milljónir króna, langtímalán í árslok 2014 voru 4.270 milljónir króna. Árið 2015 var lántaka upp á 483 milljónir króna vegna framkvæmda ársins á Eyri, heildarlántaka vegna Eyri var 1,1 milljarður á árinu 2015.
5. Í árslok 2014 voru langtímalán að fjárhæð 220 milljónir króna í erlendri mynt öll önnur langtímalán voru verðtryggð.